



ÚTBOÐSSKILMÁLAR RÍKISVÍXLA

Útboð 27. febrúar 2007

1. Fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, hefur ákveðið að bjóða út ríkisvixla í samræmi við heimildarákvæði fjárlaga fyrir árið 2007 og með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 79/1983 svo og laga nr. 43/1990, 1. gr., um Lánasýslu ríkisins. Markmið útgáfunnar er að afla ríkissjóði fjár og bæta vaxtamyndun á innlendum skuldabréfamarkaði. *Tilboðsdagur er þriðjudagur 27. febrúar 2007 og greiðsludagur er fimmtudagur 1. mars 2007.*
2. Í boði verða ríkisvixlar í eftirfarandi flokki:

<i>Flokkur</i>	<i>ISIN</i>	<i>Gjaldlagi</i>
RIKV 07 0601	IS0000014389	1.6.2007

Lágmarksfjárhæð í útboðinu er 2.500 milljónir króna að nafnverði. Hámarksfjárhæð útboðsins er 5.000 milljónir króna að nafnverði.
3. Ríkisvixlar verða gefnir út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. og er nafnverðseining ein króna. Ríkisvixlar eru án nafnvaxta og verðtryggingar.
4. Einungis aðalmiðlurum ríkisverðbréfa er heimilt að gera tilboð. Lágmarksfjárhæð hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnverði. Boð skulu vera þannig að nafnverðið hlaupi á heilum milljónum króna.
5. Tilboð má einungis senda til Lánasýslu ríkisins í gegnum Bloomberg-útboðskerfið milli kl. 10:00 og 11:00 þriðjudaginn 27. febrúar 2007. (Miðað er við staðartíma á Íslandi). Tilboð skulu sett fram í verðum, með þremur aukastöfum og sá síðasti má einungis vera 0 eða 5.
6. Ef tilboð berst ekki til Lánasýslu ríkisins vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir Lánasýslan sig allri ábyrgð. Aðilum er heimilt að fá staðfest móttöku tilboða með símtali við forstjóra Lánasýslu ríkisins eða fulltrúa hans í síma 540 7500. Tilboð sem berast til Lánasýslu ríkisins merkt ákvæðnum skjái í Bloomberg-útboðskerfinu eru bindandi og á ábyrgð þess aðalmiðlara sem skráður er fyrir skjánum. Heimilt er að breyta eða afturkalla tilboð, enda sé það gert í gegnum Bloomberg-útboðskerfið og berist Lánasýslu ríkisins fyrir kl. 11:00 á tilboðsdegi. Ef vandamál verður vegna notkunar á Bloomberg-útboðskerfinu þá gilda skilmálar þeir sem falla undir „Form of Auction Process & BAS Back Up Memorandum,, sem sent hefur verið til allra aðalmiðlara sem heimild hafa til þess að gera tilboð.
7. Ríkissjóður áskilur sér rétt til þess að hafna tilboðum eða taka tilboðum að hluta.
8. Niðurstöður útboðsins verða tilkynntar til Kauphallar Íslands og sendar aðalmiðlurum með tölvupósti.
9. Greiðsla fyrir ríkisvixla skv. tilboðum sem tekin verða í útboðinu, þarf að berast Lánasýslu ríkisins fyrir kl. 14:00 á greiðsludegi, og verða ríkisvixlarnir skráðir rafrænt sama dag. Berist greiðsla ekki á réttum tíma áskilur ríkissjóður sér rétt til að krefja tilboðsgjafa um hæstu lögleyfðu dráttarvexti fyrir þann tíma sem greiðsla dregst.
10. Ríkissjóður greiðir skuld skv. framangreindum ríkisvixlum á gjalddaga. Rísi mál út af ríkisvixlum þessum eða ágreiningi um túlkun skilmála má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991. Um fyrningu krafna skv. ríkisvixlum þessum gilda ákvæði víxillaga nr. 93/1933.
11. Ríkisvixlar eru stimpilfrjálsir skv. lögum nr. 79/1983. Um skattskyldu eða skattfrelsi ríkisvixla, svo og forvaxta af þeim, fer eftir ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt eins og þau eru á hverjum tíma. Ríkisvixlar eru framtalsskyldir.
12. Flokkur þessi verður skráður í Kauphöll Íslands og eru Glitnir, Kaupþing, Landsbanki Íslands, MP Fjárfestingarbanki og Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki viðskiptavakar hans.

